

Fréttatilkynning um frumvarp til laga um fjármál stjórnmalasamtaka frá þingmönnum Hreyfingarinnar

Í gær lögðu formenn allra flokka á Alþingi, utan Hreyfingarinnar, fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, er afrakstur starfa nefndar sem forsætisráðherra skipaði í maí 2009 til að endurskoða umrædd lög. Þingmenn Hreyfingarinnar styðja ekki frumvarpið þar sem:

- framlög fyrirtækja eru áfram heimil,
- einstaklingar geta áfram styrkt stjórnmalasamtök og stjórnmalamenn í skjóli leyndar,
- ekki er dregið úr fjárþörf stjórnmalasamtaka,
- jafnræðissjónarmiða við úthlutun opinbers fjár er ekki gætt og
- botnlaus sjálfataka úr almannasjóðum heldur áfram.

Áttunda bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis ber heitið „*Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*“. Í II. 3¹ segir: „Eitt augljósasta tæki viðskiptalífsins til að hafa áhrif á stjórnmalamenn eru bein fjárframlög, bæði til stjórnmalaflokka og einstakra stjórnmalamanna“.² Ennfremur segir í niðurlagi kaflans þar sem ályktanir eru dregnar og komið er inn á þá lærdóma sem draga þurfi af fortíðinni: „Leita þarf leiða til þess að draga skýrari mörk á milli fjármáallífs og stjórnmalá. Ekki er líðandi að gæslumenn almannahagsmuna gangi erinda einkafyrirtækja með þeim hætti sem gert var í aðdraganda bankahrunsins.“³ Þingmenn Hreyfingarinnar lýsa yfir fullum stuðningi við niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis í þessum efnun og skora á þingheim allan að gera slíkt hið sama. Framlög lögaðila ættu að vera bönnuð með öllu enda er hér um hreina og klára fjárhagslega hagsmunagæslu að ræða. Lögaðili getur aldrei haft hugmyndafræðilegan áhuga á framgangi mála heldur eingöngu fjárhagslega hagsmunum, þ.e. gróðasjónarmið. Lögaðilar hafa ekki kosningarétt og ekki er gert ráð fyrir aðkomu þeirra í stjórnarskránni sem þátttakendum í stjórnmalum.

Á fundi nefndarinnar þann 22. mars 2010 lagði fulltrúi Hreyfingarinnar fram bókun þar sem nefndin hafði í hyggju að hunsa allar áherslur Hreyfingarinnar í málinu. Áherslur Hreyfingarinnar voru samandregnar í bókuninni ásamt fylgiskjali. Nokkru áður hafði Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmaláfræði, komið fyrir nefndina að beiðni fulltrúa Hreyfingarinnar. Á þeim fundi kom Svanur afar mikilvægum og skynsamlegum ábendingum á framfæri við nefndina. Þær ábendingar fólust meðal annars því að nauðsynlegt væri að gera framlög lögaðila til stjórnmalasamtaka óheimil.

Hjálagt:

- Bókun fulltrúa Hreyfingarinnar í nefnd um endurskoðun laga um fjármál stjórnmalasamtaka, dags. 22. mars 2010
- Fylgiskjal með ofangreindri bókun

¹ Kaflinn heitir „*Samskipti stjórnmalá og efnahagslífs*“ og er á bls. 152 – 170.

² Sjá bls. 164.

³ Sjá bls. 170.